

LÖG FYRIR SKÁKFÉLAG SELFOSS OG NÁGRENNIS.

1.gr.

Nafn félagsins er Skákfélag Selfoss og nágrennis og heimilisfang þess er lögheimili formanns. Tilgangur félagsins er að auka þekkingu og áhuga á skák. Félagið skal vera í Skáksambandi Íslands.

2.gr.

Aðalfundur félagsins sem haldinn skal í nóvember ár hvert hefur úrskurðarvald í öllum málum þess. Á aðalfundi skal kosin stjórn. Þar skulu lagðir fram reikningar félagsins til samþykktar. Þar skulu teknar ákvarðanir um taflstað, tafllíma og félagsgjöld. Þar skulu og teknar ákvarðanir í öðrum málum er varða félagið og félagsmenn almennt. Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti úrslitum, sbr. þó 6.gr.

3.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og tveimur til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, þannig að hún kys úr hópi sínum formann, gjaldkera og ritara. Stjórnin er valin til árs í senn. Stjórnin kemur fram fyrir hönd félagsins og tekur ákvarðanir fyrir hönd þess, félaginu og málefnum þess í hag. Stjórnin ber ábyrgð á gerðum sínum og gerir grein fyrir þeim á aðalfundi. Reikningsár félagsins er 1. okt. - 30. sept. Innan stjórnarinnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum; séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

4.gr.

Á fundum félagsins skulu ekki önnur spil eða leikir en skák höfð um hönd.

5.gr.

Stjórnin skal, að svo miklu leyti sem henni er unnt, sjá um að haldin séu skákmót innan félagsins, er öllum félagsmönnum sé heimill aðgangur að. Stjórnin velur skákstjóra er sjái um framkvæmd mótanna og hún skal einnig setja reglur um keppnina.

6.gr.

Lögum þessum er einungis hægt að breyta á aðalfundi, og því aðeins að minnst $\frac{2}{3}$ af þeim félagsmönnum er fundinn sitja og atkvæði greiða, greiði breytingum atkvæði. Ákvörðun þess efnis að félagið verði lagt niður er því aðeins gild að $\frac{3}{4}$ allra félagsmanna greiði henni atkvæði. Verði félagið lagt niður, skulu eignir þess renna til íþróttá- og tólmstundaráðs Selfossbæjar.

7.gr.

Um vafaatriði varðandi túlkun á lögum þessum hefur aðalfundur úrskurðarvald.